

Fundargerð

Árið 2024, miðvikudaginn 18. desember kl. 12:30, kom ráðgjafarnefnd Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga saman til rafræns fundar á Teams.

Fundinn sátu: Guðmundur Baldvin Guðmundsson formaður, nefndarmennirnir Ásta Stefánsdóttir, Friðjón Einarsson, Dan Jens Brynjarsson, Hrund Pétursdóttir, Hörður Hilmarsson og Theódóra S. Þorsteinsdóttir ásamt starfsmönnum Jöfnunarsjóðs þeim Guðna Geir Einarssyni, Árna Sverri Hafsteinssyni, Elmari Björnssyni og Sigrúnu Dögg Kvaran, sem ritaði fundargerð.

Formaður setti fundinn og gengið var til dagskrár.

1. Samþætting í þjónustu við börn – Farsæld barna

Tillaga að úthlutun framlaga

Lagt var fram minnisblað starfsmanns Jöfnunarsjóðs, dags. 17. desember 2024 varðandi áætlun að framlögum til að mæta kostnaði sveitarfélaga vegna samþættingar þjónustu í þágu farsældar barna á árinu 2025. Áætluð framlög á árinu 2025 nema 1.067,1 m.kr.

Úthlutun framlaga eru á grundvelli fjögurra breyta sem allar hafa jafnt vægi og byggja á upplýsingum frá Hagstofu Íslands:

1. Fjöldi barna í hverju sveitarfélagi 1. janúar 2024.
2. Fjöldi barna með stuðning í leik- og grunnskólum.
3. Fjöldi barna á lágtekjuheimilum.
4. Fjöldi barna af erlendum uppruna.

Framlögini verða enduráætluð í janúar 2025 þegar upplýsingar er byggja á tekjuviðmiðum og stuðningi í leikskólum liggja fyrir.

Að lokinni umfjöllun ákvað nefndin að leggja til við ráðherra að samþykkja tillögu að framlagi vegna samþættingar í þjónustu við farsæld barna að fjárhæð 1.067,1 m.kr.

2. Almenn framlög vegna fatlaðs fólks 2024

Tillaga að enduráætlun framlaga

Lögð var fram 4. áætlun almennra framlaga vegna málefna fatlaðs fólks auk minnisblaðs starfsmanns sjóðsins er hana varðar. Að baki áætluninni standa 1.669 notendur, 1.371 fullorðnir og 298 börn. Til

samanburðar voru 1.591 notandi í endanlegri áætlun 2023 (+ 4,9%) og 1.517 árið 2022. Heildarfjárhæð framlaganna nam 36,8 milljörðum króna á árinu.

Við afgreiðslu áætlunarinnar var lagt fyrir nefndina hvort greiða megi framlög með fjórum notendum á grunni raunkostnaðar þrátt fyrir að hafa SIS_A mat undir 5. flokki. Allir hafa notendurnir fengið samþykka umsókn um endurnýjað SIS mat en matinu verður ekki komið við fyrir áramót en fyrir liggur skv. bráðabirgðamati að þjónustupörf einstaklinganna hefur aukist verulega.

Lagðar voru fyrir fundinn tvær útgáfur þar sem í útgáfu 2 á 4. áætlun framlaganna er gert ráð fyrir að greiða framlög með notendunum fjórum sbr. ofangreint.

Að lokinni umfjöllun samþykkti nefndin framlög skv. útgáfu 2 af 4. áætlun sem endanleg framlög ársins.

3. Fasteignasjóður

Framlög vegna aðgengismála

Hafnarfjarðarkaupstaður

Tekin var til umfjöllunar og afgreiðslu umsókn Hafnarfjarðarkaupstaðar, dags. 12. desember 2024, þar sem óskað er eftir framlagi úr Fasteignasjóði vegna úrbóta í aðgengismálum. Sótt er um vegna fjölda úrbóta í aðgengismálum. Framkvæmdirnar fólust m.a. í úrbótum við ýmsar byggingar í eigu sveitarfélagsins, m.a. í uppsetningum á rennihurðum, ný salerni aðgengileg fötluðum, breytingar á húsnæði ætlað þjónustu við fatlað fólk o.fl. Samanlagður heildarkostnaður vegna framkvæmdanna er 51.990.559 kr.

Sótt er um á grundvelli a. liðar 3. gr. í reglugerð nr. 280/2021, um starfsemi Fasteignasjóðs jöfnunarsjóðs sveitarfélaga. Í reglugerðinni er gert ráð fyrir að kostnaðarþátttaka Jöfnunarsjóðs nemi helmingi framkvæmdakostnaðar. Í vinnureglum um úthlutun framlaga á grundvelli 3. greinar reglugerðar nr. 280/2021 er miðað við að heildarframlög til Hafnarfjarðarkaupstaðar 2023-2024 geti numið 25.485.164 kr.

Að lokinni umfjöllun ákvað nefndin að samþykkja að veita hámarksframlag að fjárhæð 25.485.164 kr. vegna framkvæmdanna.

Önnur mál voru ekki tekin fyrir og fundi slitið kl. 13:04.

Guðmundur Baldvin Guðmundsson

Ásta Stefánsdóttir

Hrund Pétursdóttir

Dan Jens Brynjarsson

Hörður Hilmarsson

Friðjón Einarsson

Theódóra S. Þorsteinsdóttir